

Fimmtudaginn 21. mars 1974.

Nr. 74/1973: Rithöfundasamband Íslands f. h.

Benedikts Gíslasonar

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Náttúrulækningafélagi Íslands

(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 15. maí 1973. Krefst hann þess, „að handrit að bók um Jónas Kristjánsson lækni eftir Benedikt Gíslason rithöfund verði tekið úr umráðum stefnda“ og honum fengin umráð þess. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í máli þessu er um það deilt, hvort stefndi hafi með samningum við áfrýjanda öðlast eignarrétt eða aðeins útgáfurétt að handriti því, sem um er fjallað í málinu. Eru því ekki skilyrði til að beita innsetningargerð.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Rithöfundasamband Íslands f. h. Benedikts Gíslasonar, greiði stefnda, Náttúrulækningafélagi Íslands,

kr. 15.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 4. apríl 1973.

Gerðarbeiðandi, Rithöfundasamband Íslands, hefur krafist þess f. h. Benedikts Gíslasonar rithöfundar, að handriti að bók um Jónas Kristjánsson lækni verði tekið úr umráðum gerðarþola, stjórnar Náttúrulækningafélags Íslands, og Rithöfundasambandinu fengin umráð þess. Er málskostnaðar krafist úr hendi gerðarþola.

Af hálfu gerðarþola er því mótmælt, að gerð þessi nái fram að ganga. Er þess og krafist, að gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til að borga málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fram fór þann 29. mars s.l.

Svo er frá skýrt af hálfu gerðarbeiðanda, að á árinu 1958 hafi stjórn Náttúrulækningafélags Íslands beðið Þorstein Valdimarsson rithöfund að skrifa æfisögu Jónasar læknis Kristjánssonar, en Jónas var forgöngumaður um stofnun félagsins og mestur ráðamaður. Eftir að Þorsteinn hafði skrifað einn til tvo kafla, hætti hann að starfa að bókinni. Að frumkvæði Péturs Gunnarssonar, stjórnarmanns í félaginu, hafi Benedikt Gíslason frá Hofteigi verið fenginn til verksins, en þeir Þorsteinn Valdimarsson og Jónas Kristjánsson hafi báðir verið því samþykkir. Hafi þannig stofnast venjulegur útgáfusamningur milli aðilja fógetamáls þessa, að vísu munnlegur, en jafngildur fyrir því, og hafi ekki verið sannað, að nein frávik frá almennum reglum höfundalaga hafi um samist. Samkvæmt 63. grein laga nr. 73/1972 sé sagt, að ákvæði laganna skuli taka til bókmenntaverka og listaverka, sem til hafi orðið fyrir gildistöku þeirra. Í 33. gr. segi nánar um útgáfusamninga á þá lund, að það sé útgáfusamningur, er höfundur veiti tilteknum aðilja rétt til að framleiða á prenti eða með svipuðum hætti eintök af bókmenntaverki og gefa þau út. Samkvæmt 35. grein sömu laga sé útgáfurétthafi skyldur að gefa verkið út innan hæfilegs tíma eftir aðstæðum og því, sem venja segi til.

Nú hafi Benedikt Gíslason lokið ritinu á 7 mánuðum. Hann hafi fengið greitt fyrir útgáfuréttinn smátt og smátt, sbr. kvittanir í málinu og yfirlýsingu á rskj. 13, og sé það alls ekki óvenjulegt fyrirkomulag. En er hann hafði afhent gerðarþola handritið, hafi það orðið ofan á, að verkið skyldi ekki gefið út, og viti Benedikt

ekki, hvað veldur. Hér sé um að ræða brýnt brot á útgáfuskyldu samkvæmt 35. gr. Hafi Benedikt því verið í sínum fulla rétti, er hann krafðist þess að fá handrit sitt afhent, en gerðarþoli hafi ekki viljað verða við því. Sé um þann misskilning að ræða hjá gerðarþola, að Benedikt hafi gert verksamning við gerðarþola og sé verkið eign síðarnefnds. En gerðarþoli hafi ekki sannað, að um sé að ræða slíkan samning né að ritverk Benedikts falli utan sviðs höfundalaga, ef slíkt hafi verið ætlunin, yrði gerðarþoli að færa fullar sönnur á það. Og nú segi 2. mgr. 33. greinar laga nr. 73/1972, að útgáfusamningur veiti útgefanda ekki eignarrétt að handriti því eða annars konar eintaki af verki, sem notað er til eftirferðar, nema svo sé um samið sérstaklega. Ekki hafi verið sannað, að svo hafi verið samið sérstaklega, og heldur ekki hafi verið samið um lengri tíma fram að útgáfu en efni standi til eða eðlilegan megi telja.

Þess er loks getið, að Rithöfundasamband Íslands sé stéttarfélag rithöfunda og hlutverk þess sé að gæta hagsmuna félagsmanna og sé eðlilegt, að það fari með mál þetta fyrir Benedikt Gíslason samkvæmt ósk hans.

Af hálfu gerðarþola er því haldið fram, að Benedikt Gíslason hafi gengið inn í verk Þorsteins Valdimarssonar. Þetta verk allt hafi verið hafið að tilhlutan gerðarþola til upplýsingasöfnunar um Jónas Kristjánsson með það fyrir augum að verða grundvöllur að ritverki. Benedikt Gíslason hafi ráðist í verkið sem starfsmaður gerðarþola, hann hafi fengið greitt fast mánaðarkaup, ferðakostnað o. þ. h. Verkið hafi orðið eign gerðarþola eftir því sem því miðaði. Á það beri að líta, að samkvæmt lögum, sem þá giltu, hafi Benedikt getað afsalað sér höfundarétti. Hann eigi heldur engan hlutbundinn rétt til þessa eintaks, gerðarþoli hafi t. d. borgað fyrir pappír og vélritun og eigi handritið fullum eignarrétti. Það eina, sem Benedikt geti gert til þess að gera gerðarþola óhægt fyrir um notkun handritsins, sé lögbann gegn slíkri notkun, en það sé ella algerlega á valdi gerðarþola, hvort og hvenær útgáfa eigi sér stað, og er á það bent, að Jónas Kristjánsson hafi haft mjög á móti því, að svo yrði, sbr. framburð dóttur Jónasar, Guðbjargar Birkis, hér fyrir réttinum.

Pétur Gunnarsson, Sólvallagötu 36, hefur mætt sem vitni í máli þessu. Hann var í stjórn gerðarþola árin 1955—72. Hann skýrði svo frá, að stjórn gerðarþola hafi fengið Þorstein Valdimarsson til þess að taka saman ævisögu Jónasar Kristjánssonar og hafi Þorsteininn byrjað á verkinu, en hætt því síðan, og kveðst Pétur

ekki vita, hvort eða hvernig honum hafi verið borgað eða hve mikið hann vann að verkinu. Þá hafi gerðarþoli ráðið Benedikt Gíslason til þessa verks. Um það hafi ekki verið gerður skriflegur samningur, en ljóst hafi verið, að Benedikt hafi verið í þjónustu gerðarþola, sem eignaðist verkið eftir því sem það gekk fram og handritum var skilað. Hafi Benedikt líka verið borgað mánaðarlega og fyrir hann greiddur ferðakostnaður o. þ. h. Pétur kvaðst ekki vita, hvort það, sem Þorsteinn hafði saman tekið, hafi svo gengið til Benedikts.

Árni Ásbjarnarson, til heimilis í Hveragerði, mætti í máli þessu. Hann kvaðst hafa tekið við stjórn heilsuhælisins, er gerðarþoli rekur í Hveragerði, árið 1958 og þar með stjórn gerðarþola. Þá hafi Þorsteinn Valdimarsson verið hættur að starfa að ævisöggunni, en það muni hafa verið Pétur Gunnarsson, sem fékk því ráðið, að Benedikt Gíslason var fenginn til verksins. Hann kveðst hafa verið áheyrandi að því, að Jónas Kristjánsson sagði við Benedikt, að hann vildi ekki, að Benedikt skrifaði um sig.

Eins og drepíð er á hér að framan, hefur Benedikt Gíslason fengið greiðslu frá gerðarþola smátt og smátt, og eru þar að lútandi kvittanasamrit lögð fram í málinu. Þá hefur hann fengið greidda vélritunarreikninga nokkra, og liggja einnig fyrir samrit af kvittunum þeirra vegna. Þann 18. janúar 1961 hefur Benedikt svo gefið heildarkvittun, sem lögð er fram sem rskj. 13 og er á þessa leið:

„KVITTUN

Náttúrulækningafélag Íslands í Reykjavík hefur greitt mér umsamið kaup fyrir að semja ævisögu Jónasar læknis Kristjánssonar á síðasta ári, 7 mánaða vinnu á kr. 4.000.00 pr. mán. = kr. 28.000.00. Upphæðin er að fullu greidd og kvittast hér með fyrir greiðslunni.

Reykjavík, Sigtúni 31, 18. jan. 1961

Benedikt Gíslason frá Hofteigi“.

Pegar litið er á skjal þetta, verður ekki betur séð en Benedikt hafi sjálfur talið sig vinna að ritverki sínu sem starfsmaður gerðarþola gegn föstu mánaðarkaupi, sem hann hefur fengið greitt. Hefur hann og afhent gerðarþola handrit eitt, og verður að telja, að sú afhending hafi verið til eignar, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga 73/1972, en falli ekki undir ákvæði laganna um útgáfusamning, þar eð þess er ekki getið í þessu skjali né í öðrum, sem þeim Benedikt

og gerðarþola hefur farið á milli. Af þessari ástæðu þykir ekki unnt að verða við þeirri kröfu gerðarbeiðanda, að gerðarþoli verði sviptur umráðum margnefnds handrits.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 21. mars 1974.

**Nr. 83/1973: Gísli Magnússon f. h. ólögráða sonar síns,
Magnúsar Gíslasonar,**

(Einar Sigurðsson hdl.)

gegn

**Ólafi Helga Árnasyni, Fjólu Einarsdóttur
og Einari Ólafssyni**

(Sigurður Hafstein hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfa-
son.

Skaðabótamál. Börn.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 28. maí 1973. Krefst hann þess aðallega, að stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 1.515.258.00 með 7% ársvöxtum frá 25. mars 1973 til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 1.018.420.00 með 7% ársvöxtum frá 4. desember 1965 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri